



## Gátlisti fyrir meðferð á meðferðarstöðinni Vík

Við bjóðum þig velkomna/inn á meðferðarstöðina Vík og biðjum þig að hafa eftirfarandi í huga:

Karla-og kvennameðferðirnar á Vík eru að öllu leyti aðskildar, þar á meðal reykingasvæði og útvist. **Samskipti kynja eru óleyfileg**, annars þarf viðkomandi að fara frá Vík þegar í stað og nýta sér göngudeildir SÁÁ.

Mundu að það er þín ábyrgð að sýna öllum öðrum á Vík virðinu og hlýtt viðmót. Við berum öll saman þá ábyrgð að mæta í dagskrá, vanda samskipti og hafa samkennd með hópnum í meðferðinni á Vík.

Ekki er heimilt að fara á eigin vegum á Vík. Farið er með bifreið frá Vogu á Vík á þriðjudögum og föstudögum. **Mæting er á Vogu kl 08.30 að morgni og brottför kl 09:00. Mikilvægt er að gefa sig fram hjá riturum á Vogu fyrir brottför.** Sama bifreið keyrir tilbaka á Vogu. Ekki er heimilt að láta sækja sig á Vík. **Kostnaður við farið er innifalið í vistgjaldinu.**

Allir sem fara á Vík þurfa að greiða **kr. 159.000 fyrirfram** hjá riturum á Vogu eða millifæra í heimabanka og sýna kvittun fyrir greiðslunni við innskráningu á Vík. Ráðgjafar á Vogu geta veitt þér frekari upplýsingar um þetta.

Þú þarf að hafa með þér föt til 28 daga dvalar, inni – og útifatnað, inni – og útiskó. **Einnig þarftu að taka með handklæði og vekjaraklukku.** Þvottahús er á staðnum til að þvo fötin þín.

**Munið að koma með ykkar föstu lyf á Vík fyrir a.m.k 28 daga.**

- Heimsóknir á Vík eru aðeins fyrir maka og nánin skyldmenn
- Meðferðarstöðin Vík leggur til sængurföt
- Kortasími er á staðnum
- Takið með GSM síma og hleðslutæki, símatímar eru 2x í viku, sími annars geymdur í verðmætageymslu.
- Á Vík er lítil „sjoppa“. Hægt er að kaupa hreinlætisvörur kvenna, gos, sælgæti, bækur, rífföng og símakort sömu gerðar og á Vogu. Ekki er heimilt að láta senda sér sælgæti.
- **Tóbak er ekki selt á Vík og eingöngu einnota, innsiglaðar rafrettur leyfðar til notkunar utandyra**
- Hægt er að nota debet – og kreditkort á Vík
- Ekki er hægt að hringja beint í þig á Vík. Ráðgjafar taka við skilaboðum í neðangreindum vaktsíma frá þeim aðstandendum sem þú gefur leyfi fyrir
- Ekki er leyfilegt að taka með útvarp, hljóðfæri, tölvur, vasahljómflytningstæki, bolta, lyftingarlóð eða önnur slík tæki eða búnað.

Pakka- og peningasendingar þurfa að fara um Íslandspóst. Póstfangið á Vík er:

**Meðferðarstöð SÁÁ**

**Vík- Kjalarnesi**

**162 Reykjavík**

Vaktsíminn á Vík er: 530 7640 fyrir konur og 530 7690 fyrir karla. **Góða ferð!**